



FRÉTTABRÉF TIL FORRÁÐAMANNA Í GLERÁRSKÓLA

Glerárskóli Akureyri

September 2015



11. september 2015

2. tbl. 5. árg

Komið þið sæl

Þá er skólastarf í Glerárskóla komið á skrið á skólaárinu 2015-2016. Allt hefur farið vel af stað í námi og kennslu og þó veðurguðirnir hafi verið misjafnir hafa síðustu vikur verið okkur afar góðar. Nemendur hafa því verið mikið bæði úti og inni svo skólalóðin okkar hefur nýst vel. Við vonumst til þess að geta áfram betrubætt lóðina svo hún verði enn nýtanlegri til allrar útiveru.

Á skólaárinu er áætlað að leggja áherslu á læsi og hefur á síðustu vikum mikið verið unnið í því að efla áhuga nemenda á að lesa bækur. Þriðjudagurinn 8. september s.l. var Dagur læsis og af því tilefni fengu nemendur 1. bekkjar afhenta bókina Nesti og nýir skór frá IBBY á Íslandi með stuðningi Lions hreyfingarinnar. Nemendur í 5. bekk skrifuðu póstkort sem fræðslustjóri Akureyrarbæjar safnaði saman og kom í póst og nemendur og starfsfólk las sér til ánægju og þekkingar út daginn. Við hvetjum forráðamenn til að taka virkan þátt í eflingu læsis og hvetjum alla til að lesa með krökkunum eða fyrir þau ásamt því að ræða við þá um það sem lesið er. Það er nefnilega gulls ígildi að læra að meta lestur, að kunna að hlusta og að læra að ræða um það sem lesið er. Samræða er afar mikilvæg í öllu námi því með henni skapast skilningur á málefninu og í leiðinni lærum við að virða hvert annað og sýna mismunandi skoðunum virðingu.

Við minnum ykkur forráðamenn á að þið eruð ætíð velkomin í skólann og getið haft samband við starfsfólk í gegnum Mentor, síma eða með því að kíkja í heimsókn.

7. bekkur að Reykjum

Í liðinni viku voru nemendur 7. bekkjar að Reykjum í Hrutafirði. Ferðin tókst glimrandi vel og voru það þreyttir og ánægðir ferðalangar sem stigu út úr langferðabílnum í dag.

Útivistardagur Glerárskóla var fimmtudaginn 3. september s.l. Dagurinn tókst vel þrátt fyrir veður og vinda og sjá má myndir á heimasíðu skólans.

Efnisyfirlit:

September 2015	1
7. bekkur að Reykjum	1
Dagur íslenskrar náttúru	2
Samræmd próf	2
Námskynningar	2
Valgreinar	3
Byrjun október	3
Göngum í skólann	3
Helstu viðburðir	3
Umferðaröryggi	4
Tæki nemenda	4
Morgunkaffi með stjórnendum	4

Til íhugunar:

- Samvinna
- Læsi
- Framfarir
- Ábyrgð
- Gleði

Dagur íslenskrar náttúru

Miðvikudaginn 16. september n.k. er Dagur íslenskrar náttúru. Þann dag reynum við að vekja nemendur til vitundar um náttúruá okkar og hversu mikils virði hún er í öllu okkar lífi. Glerárskóli er umhverfisvænn skóli auk þess sem hann leggur áherslu á grenndarfræði og er því mjög meðvitaður um náttúruna og allt sem henni tengist. Við viljum því halda deginum hátt á lofti og leggja okkar af mörkum til að efla vitund um heilbrigði og umhverfisvæna lifnaðarhætti.

Vinum saman að því að gera skólann okkar vænan og grænan :)

Samræmd próf

Vikuna 21. - 25. september fara fram samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk. Prófin verða á eftirfarandi dögum en nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

Mánudagur 21. september: 10. bekkur - íslenska

Þriðjudagur 22. september: 10. bekkur - enska

Miðvikudagur 23. september: 10. bekkur - stærðfræði

Fimmtudagur 24. september: 4. og 7. bekkur - íslenska

Föstudagur 25. september: 4. og 7. bekkur - stærðfræði

Samræmd próf eru hluti af skóladeginum og eru þreytt að morgni. Nemendur mæta í skólann samkvæmt stundaskrá.

Námskynningar

Nú í september hafa staðið yfir kynningafundir til forráðamanna. Þó nokkrir árgangar hafa haldið sína fundi en framundan er að ljúka þessum árlegu kynningafundum. Kynningarnar standa frá kl. 8:05 - 8:50 og eru haldnar í umsjónarstofum árganganna. Hér kemur upptalning á þeim fundum sem eftir eru:

1. bekkur: 25. september

2. bekkur: 24. september

3. bekkur: 18. september

4. bekkur : Búinn

5. bekkur: 17. september

6. bekkur: 17. september

7. bekkur: Búinn

8. bekkur: 21. september

9. bekkur: 23. september

10. bekkur: Búinn

Rýmingaræfing verður haldin í Glerárskóla fimmtudaginn 1. október næstkomandi. Nánari upplýsingar þegar nær dregur.

Farartæki á hjólum

Minum alla á reglur skólans um farartæki á hjólum. Þær má finna á heimasíðu skólans og er gert ráð fyrir að allir fylgi reglunum í hvívetna.

Munum að ALLIR NEMENDUR eiga að nota hjálm!





Við bendum góðfúslega á að skráningar í valgreinar eru nú orðnar endanlegar og ekki verða gerðar fleiri breytingar á valgreinahópum þetta skólaárið. Við biðjum nemendur og forráðamenn að virða það.

Byrjun október 2015

Í byrjun október, nánar tiltekið **föstudaginn 2. október** n.k., er skipulagsdagur í Glerárskóla. Þann dag nýta starfsmenn til endurmenntunar og samstarfs við aðra skóla svo eitthvað sé nefnt.

Þennan dag eru nemendur í fríi og frístund er lokuð.

Við bendum á skóladagatal Glerárskóla sem finna má á heimasíðu skólans: www.glerarskoli.is en þar má sjá skipulag skólaársins í heild sinni.

Göngum í skólann

Líkt og undanfarin ár tekur Glerárskóli þátt í átakinu Göngum í skólann sem hefur það markmið að hvetja nemendur til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni. Með virkum ferðamáta er átt við að auka hreyfingu í daglegu lífi t.d. með því að nýta göngu, hjólreiðar, hlaup, línuskauta og hjólabretti. Ávinningurinn er ekki eingöngu andleg og líkamleg vellíðan heldur er þetta umhverfissvæn og hagkvæm leið til að komast á milli staða. Á heimasíðu verkefnisins www.gongumiskolann.is er að finna gátlista til að fara með um hverfið og meta hversu vænlegt er að nýta slíkan ferðamáta.

Skráning á ferðamáta nemenda og starfsfólks Glerárskóla verður á tímabilinu 14. - 25. september 2015. ÁFRAM GLERÁRSKÓLI

Helstu viðburðir í september og október 2015

- 7. - 11. september: 7. bekkur að Reykjum
- 8. september: Dagur læsis
- 16. september: Dagur íslenskrar náttúru
- 17. september: Aðalfundur foreldrafélagsins
- 21. - 25. september: Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk
- _____
- 2. október: Skipulagsdagur - nemendur í fríi og frístund lokuð
- 23. og 26. október: Haustfrí
- 27. október: Skipulagsdagur - nemendur í fríi og frístund lokuð
- 28. október: Viðtalsdagur

NORRÆNA
SKÓLAHLAUPIÐ
Þriðjudaginn
15. september
frá kl. 10:35

ATH!

*Breyttur matseðill
verður daginn sem
Norræna
skólahlaupið á sér
stað. Þá gefur
foreldrafélagið
nemendum drykk og
við munum grilla
pylsur með :)*

***Aðalfundur
foreldrafélagsins
verður haldinn
fimmtudaginn 17.
september n.k. kl.***

20:00-21:30

***Fjölmennum öll og
eflum foreldrafélag
Glerárskóla***

Glerárskóli, v/Höfðahlíð,
600 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga
frá kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda
er hún opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er:
glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á Facebook:
Glerárskóli

UMFERÐARÖRYGGI

Kæru forráðamenn!

Vinsamlega áréttið við börnin ykkar að fara varlega í umferðinni þegar þau koma á farartækjum á hjólum í skólann.

Áriðandi er að ALLIR NOTI HJÁLMA og einnig er vert að minna á að bílastæðið við skólann getur verið varasamt á morgnana þar sem umferð bíla er þar þó nokkuð mikil og oft alltof hröð.

Í leiðinni minnum við á að heilsusamlegt er fyrir börnin að ganga eða hjóla í skólann en ef þið forráðamenn komið akandi með börn til/frá skóla biðjum við ykkur að aka varlega á bílastæðinu og leggja bílunum eða jafnvel að drepa á þeim ef þið þurfið að bíða um stund.

ATHUGIÐ!

Við viljum benda forráðamönnum á að öll tæki sem nemendur koma með í skólann s.s. símar og spjaldtölvur eru á ábyrgð heimilis. Því miður hefur komið upp sú staða í haust að hlutir hafa horfið frá nemendum og ítrekum við því við nemendur að skilja tól sín og tæki, sem þeir hafa með sér í skólann, ekki eftir eftirlitslaus.

Morgunkaffi með stjórnendum

Í vetur munu stjórnendur halda áfram að bjóða forráðamönnum í morgunkaffi, hverjum árgangi einu sinni yfir skólaárið. Morgunkaffið er hugsað sem óformlegt spjall um skólamál og allt sem því viðkemur en hefur ekki formfasta dagskrá. Spjallið fer fram á kaffistofu starfsmanna frá kl. 8:00 - 8:30 á morgnanna og er boðið upp á kaffi/te/vatn/mjólk og eitthvert lítilræði. Skipulag morgunspjallsins verður eftirfarandi, með fyrirvara um breytingar. Hlökkum til að sjá ykkur.

Miðvikudagur 14. október: **7. bekkur**

Föstudagur 16. október: **4. bekkur**

Miðvikudagur 11. nóvember: **1. bekkur**

Föstudagur 13. nóvember: **9. bekkur**

Miðvikudagur 25. nóvember: **8. bekkur**

Föstudagur 27. nóvember: **6. bekkur**

Miðvikudagur 17. febrúar: **5. bekkur**

Föstudagur 19. febrúar: **3. bekkur**

Miðvikudagur 2. mars: **2. bekkur**

Föstudagur 4. mars: **10. bekkur**